



Fundargerð

Tilv. 1801077/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 1/2018.
Dagsetning og tími: 17. janúar 2018, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri
upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 6. desember 2017.
2. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 13. desember 2017 – eyðublöð í Excel (málsnr. 1712018).
3. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 13. desember 2017 – fylgiskjöl með umsóknum um lækkun fasteignaskatts (málsnr. 1712017).
4. Grisjunarbeiðni dómsmálaráðuneytisins dags. 15. desember 2017 – frumrit undirritaðra útsendra bréfa (málsnr. 1712054).
5. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 8. janúar 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1801034).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 6. desember 2017.

Fundargerð grisjunarráðs frá 6. desember 2017 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 13. desember 2017 – eyðublöð í Excel (málsnr. 1712018).

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarbæ er heimilt að eyða umbeðnum eyðublöðum í Excel þegar skjölin eru orðin sjö ára gömul. Forsenda ákvörðunarinnar er að upplýsingar úr skjölum eru færðar inn í eignaskrá sem er varðveitt varanlega á pappír skjalasafni Akureyrarbæjar.

3. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 13. desember 2017 – fylgiskjöl með umsóknum um lækkun fasteignaskatts (málsnr. 1712017).

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarbæ er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum með umsóknum um lækkun fasteignaskatts sem ná yfir tímabilið 2006–2009 þegar skjölin eru orðin sjö ára gömul með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl tíunda hvert ár fyrir ár sem enda á 0.

16.5
4B N.S.